

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 9. mars. kl.16:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 16:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Sveitarstjóri bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kjör oddvita.
2. Bréf frá Margréti Karlsdóttur, dagsett 6. mars 2017
3. Fundargerð nr. 847 Samband ísl. Sveitarfélaga.
4. Matvöruverslun Súðavíkurhrepps – sala reksturs.
5. Styrktarsjóður EBÍ 2017.
6. Skipting kostnaðar í barnavernd á norðanverðum Vestfjörðum

-
1. Lögð fram tillaga frá Pétri Markan og Guðbjörgu Bergmundsdóttur að Steinn Ingi Kjartansson verði oddviti sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps í eitt ár samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins.

Samþykkt af Pétri, Guðbjörgu, Steini og Halldóru. Valgeir situr hjá.

Hér tekur Steinn Ingi við stjórn fundarins.

Lögð fram tillaga frá Pétri Markan og Steini Inga Kjartanssyni að Guðbjörg Bergmundsdóttir verði varaoddviti sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps í eitt ár samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins.

Samþykkt af Pétri, Guðbjörgu og Steini. Halldóra og Valgeir sitja hjá.

2. Bréfinu vísað til byggingarfulltrúa og skipulags og byggingarnefndar.

3. Lagt fram.
4. Umræða um búðina. Sveitarstjóri leggur til við sveitarstjórn að fá heimild til að auglýsa rekstur búðarinnar til sölu.

Sveitarstjóri upplýsir að ársreikningar fyrir búðina verða klárir fyrir mánaðarlok.

Sveitarstjóra falið að taka saman lykiltölur úr rekstrinum og kynna fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

5. Sveitarstjóra falið að kynna styrktasjóðinn fyrir nefndum hreppsins, kanna hvort verkefni leynist þar sem gætu sótt um styrk. Kynna síðan niðurstöðuna fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.
Samþykkt
6. Vísað til félagsmálanefndar til umsagnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:01

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

